

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Hörður Oddfríðarson, Viktoría Gísladóttir, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála, Elsa María Guðmundsdóttir, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Júlía Þorvaldsdóttir og Bjarney Guðbjörnsdóttir, Árni Stefánsson

Afboða, mæta ekki : Oddur Örnólfsson

Fundur 08.02.2023 settur kl. 19.00

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. RIG var haldið í Laugardalslaug 27-29. Janúar. Mótið tókst mjög vel og skipulag var gott. Alls tóku um 330 manns þátt í keppninni og þar af voru um 160 erlendir keppendur frá 14 löndum. Einhver forföll voru á síðustu stundu vegna veikinda bæði hjá innlendum og erlendum keppendum. Anton Sveinn varð stigahæsti keppandi mótsins. Mörg lágmörk náðust á mótinu og okkar fólk virðist koma vel stemmt inn í 50 m tímabilið.
- b. Samþykkt var að hafa halda sundþing þann 27. apríl 2023 frá kl 16.00. Fundarboð verða send út í næstu viku samkvæmt lögum SSÍ.
- c. Úthlutun úr afrekssjóði farið yfir úthlutun og samanburð við fyrri ár.
- d. Endurskoðun á reglugerð um afrekssjóð. Björn, Ingibjörg og Eyleifur hittast á fim morgun vegna málsins og setja upp tillögur að breytingum sem sendar verða til ÍSÍ.
- e. Formaður var fyrir í dag á fundi með forseta ÍSÍ ásamt formönnum stærstu sérsambanda innan ÍSÍ. Formaður gerði grein fyrir fundinum.
- f. Samþykktar voru breytingar á World Aquatics sundreglum sem send var stjórn frá reglubreytinganefnd dómara nefndar. Verið er að leggja lokahönd á frágang og uppsetningu. Reglugerðanefnd og dómara nefnd fá miklar þakkir fyrir frábærlega vel unnin störf við þessar breytingar.
- g. Stjórn SSÍ fagnar ráðningu nýs afrekshjálfa hjá ÍSÍ, Vésteins Hafsteinssonar, og bindur miklar vonir við samstarf hans við afrekssvið SSÍ.

3. Afreksmál

- a. Fyrstu verkefni ársins gengu mjög vel fyrir, en eins og oft áður byrjum við árið af miklum krafti.
 - Æfingahelgi Framtíðarhóps fór fram í Laugardal 21-22/1 og gekk mjög vel fyrir sig.
 - NM og HM hópurinn okkar fór í styrkar mælingar hjá Gauta Grétars um miðjan janúar.
 - Sundmælingar landsliðshópa fór fram í Laugardal og Ásvöllum 31/1 – 2/2
 - Gauti Grétars var með endurgjöf fyrir þjálfara í fjarfundi 2. Feb. Endurgjöf fyrir sundfólk 4/3.

- Fræðslu og æfingadagur landsliðshópa var laugardaginn 4. feb

b. Reykjavík International (sundfólk með lágmark)

10 sundmenn náðu lágmarkum á alþjóðleg meistaramót sem fram fara í sumar.

- Snorri Dagur Einarsson, SH, náði lágmarki á EMU í 50m bringusundi
- Hólmur Grétarsson, SH, náði lágmarki á EYOF í 400m fjór og á NÆM í 400m fjór og 400m skrið
- Magnús Víðir Jónsson, SH, náði lágmarki inn á NÆM í 200m og 1500m skriðsundi
- Ásdís Steindórsdóttir, Breiðablik, náði lágmarki inn á NÆM í 800m skriðsundi
- Ylfa Lind Kristmannsdóttir, Ármanni náði inn á NÆM í 100m baksundi
- Ástrós Lovísa Hauksdóttir, ÍRB, náði lágmarki á NÆM í 100m baksundi
- Vala Dís Cicero, SH, inn á EYOF og NÆM í 100m og 200m skriðsundi
- Einar Margeir Ásgeirsson, ÍA, náði lágmarki á EMU í 50m bringusundi
- Sólveig Freyja Hákonardóttir, Breiðablik, náði lágmarki á NÆM í 400m skriðsundi
- Anton Sveinn Mckee, SH, náði lágmarki á HM50 í 200m bringusundi

c. Landsliðsverkefni framundan

- 15.-26. feb - Æfingabúðir landsliðshópa í Tyrklandi (25 manna hópur)
- 4. Mars Gauti Grétars með verklegan fyrirlestur fyrir sundfólk
- 7.-9 mars Leifi fer í heimsókn til Aalborg með einn íslenskan sundmann með í för
- 29.-30 apríl æfingahelgi Framtíðarhóps í Reykjanesbæ
- 12.-14.mai Taastrup Open fyrir framtíðarhóp og unglingslandlið

4. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

Fundur dómara nefndar nr 115

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Coco Margaret Johannsson Staðfest	Fjölnir	S.f.Ægir	06.02.2023	07.03.2023

6. Staðfesting meta

50 metra laug

Íslandsmet Konur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
--------	-------	--------	-------	-------	--------

50 metra laug

Íslandsmet Karlar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
--------	-------	--------	-------	-------	--------

Unglingamet strákar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
--------	-------	--------	-------	-------	--------

Unglingamet stúlkur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
--------	-------	--------	-------	-------	---------

Aldursflokkamet strákar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
400.fjórsvund <i>Staðfest</i>	Hólmar Grétarsson	SH	04:43.12	29.01.2023	RVK

7. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
13.01.2023	Learn to swim commission report	FINA
15.01.2023	FINA SJ order	FINA
16.01.2023	ISL court case	FINA
19.01.2023	Len Congress minutes Antyla	LEN
21.01.2023	Fréttatilkynning ÍSÍ /Vésteinn Hafsteinsson	ÍSÍ
23.01.2023	Skipting ríkisstyrks	ÍSÍ

8. Önnur mál:

- a. Farið var yfir stöðu í málefnum Rússlands og Hvíta Rússlands vegna Ólympíuleika og annara móta.
- b. Árlegur fundur NSF var haldin í Helsinki 18. jan Ingibjörg og Eyleifur sóttu fundinn og fóru yfir helstu málefni hans.
- c. Formaður sat í vikunni fjarfund með formönnum innan NSF samstarfsins (Norræna samstarfsins) þar sem rædd voru mál Rússlands og Hvíta Rússlands.

Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 20.00